

Fundur í Háskólaráði

Dags. 15.02.2023

Staður og tími: Teams kl 10.00

Málsnúmer: 2008013

Fulltrúar HB: Margrét Jónsdóttir Njarðvík, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, Sólveig Hallsteinsdóttir, Ásthildur Elva Bernharðsdóttir, Kári Joensen.

Fulltrúar nemenda: Birgitta Ásbjörnsdóttir, Embla Líf Hallsdóttir, Hlynur Finnboason

Áheyrnaraðilar: : Lydía Geirsdóttir, Anna Jóna Kristjánsdóttir, Stefán Wendt, Margrét Vagnsdóttir

Fjarverandi: Arney Einarsdóttir, Sævar Ari Finnbogason, Hanna Kristín Skaptadóttir

Dagskrá:

- Fundargerð síðasta fundar
 - Samþykkt samhljóða
- Erindi frá nemendum
 - Árshátíðarundirbúningur í fullum gangi sem verður 10. mars nk.
 - Búið að endurvekja nemendafélög viðskipta- og lagadeildar en það vantar enn fulltrúa úr félagsvísindadeild til að stofna nemendafélag, stefnt að því að ljúka því fyrir maí mánuð.
 - Erindi varðandi nemanda á staðlotu
 - Ábending um að ábendingahnappurinn á heimasíðunni verði gerður meira áberandi. Jafnréttisfulltrúi hefur þegar tekið þetta mál á sitt borð og mun áfram fylgja því eftir.
 - Beiðni um að gera stutta og hnitmiðaða samantekt á því hvert ferlið er þegar mál eru tilkynnt.

Umræður: Getur verið vandasamt að stytta útgáfur þar sem verið er að reyna að taka á fjölbreyttum málum og verklagsreglurnar gera okkur að hafa þetta ítarlegt. Ítarlegar upplýsingar eru inni á Uglunni en þarf að skoða hvort hann er sýnilegur öllum, það mál verður skoðað með samskiptastjóra.

Til máls tóku: BÁ, SH, HF, LG, MJN, SW

- Erindi frá starfsfólki
 - Dagskrá skólaárs 2023-2024 kynnt þar sem breytingar á staðlotum í lotu 2 að hausti og lotu 1 að vori verði alfarið settar á Teams. Lota 1 í janúar byrji viku seinna, misserisverkefni fái 5 vikur í stað þriggja og sumarönn lota 2 verði próflaus.
 - Nemendafélagið var afdráttarlaust með þá skoðun að ekki ætti að fella niður staðlotur heldur að laga starfsemina utanaðkomandi aðstæðum t.d. veðri. Áhyggjur af því að allar staðloturnar verði færðar inn á Teams. Kennarar hafa einnig haft áhyggjur af því að fá ekki tímann með nemendum í staðlotum. Rætt um staðloturnar núna síðasta janúar og hvaða áhrif það hefur þegar veður og færð hefur svona mikil áhrif á mætingu. Talið að það geti verið



verra að hafa tvær lotu á Teams og tvær á staðnum og skapi ákveðið ójafnvægi. Auka möguleika á því að staðloturnar hafi vægi og að þær gildi til einkunnar á móti verkefnavinnu fyrir þá sem ekki mæta. Þarf að huga að því að ef staðlotur eiga að gilda þá þurfa að vera verkefni þar á bakvið sem hafa vægi í námsmarkmiðum áfangans. Til máls tóku: ELH, MJN, HF, AJK, BÁ, LG, HLP, ÁEB

4. Skýrsla rektors

- a. Gæðaúttekt lokið og við fengum góða úttekt og stóðumst alla þætti með sóma og sæmd. Lokaskýrsla kemur út í mars og verður þá opinber.
- b. Fjármagn til háskóla er til umræðu núna, HB fær 1,1 milljón á meðan HR fær 1,3 milljónir og aðrir skólar meira. Ráðuneytið ber reiknilíkan fyrir sig. HB er að berjast fyrir sanngirni í úthlutun fjármuna til háskóla og fyrirsjáanleika. HB er einnig verst fjármagnaði skóli norðulandanna samkvæmt nýrri skýrslu um fjármögnun norræna háskóla.
 - i. Samkvæmt fjárhagsáætlun þá er útlit fyrir niðurskurði til háskólamála árið 2024 og það gæti haft alvarleg áhrif á starfsemi skólans. Rætt um mikilvægi þess að það þurfi ekki allir að bjóða upp á eins háskólanám, Háskólinn á Bifröst býður upp á meiri sveigjanleika og fjarnám ólíku öllu öðru sem býðst á Íslandi. Nemendur verða að hafa val því það geta ekki allir sótt dagskóla og lokið námi innan stífra viðmiða ríkisvaldsins. Mikilvægt er að fá viðurkenningu á jafnræði til náms og að fjármagn fylgji hverjum nemanda inn í háskólana. Til máls tóku, MJN, BÁ, AJK, LG

Fundi slitið kl. 12.01

Fundarritari: Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir